



Í rósa- garðinum

Hin sanna stéttvísi

Albert Guðmundsson ítrek-
aði einnig að menn ættu að
vera vissir í sinni sök áður en
þeir kölluðu menn siðlausa.
Hann hefði ekki þekkt nokk-
urn þingmann síðan hann
settist á þing 1974, sem hefði
verið siðlaus á neinn hátt.
Morgunblaðið.

Vannýttir möguleikar til fjölmiðlunar

Í lestrasal Landsbóka-
safnsins er eins öruggt og
tvisvar tveir eru fjórir að þar er
engin popprás í gangi.
Morgunblaðið.

Já og næst verða þær þjóðnýttar

Vinstrimenn misnota ein-
stæðar mæður í pólitískum til-
gangi.
Fyrirsögn í Morgunblaðinu.

Upp upp mitt hold...

Refabændur sækja um
bjargræðisstyrk vegna ófrjó-
semi.
Fyrirsögn í DV

Nýjungar í vöruhönnun

Ítalskur pylslugerðarmaður
keypti fjöruúfu og fimm tonn af
svínakjöti í öðru bandalagsríki
til að gera úr pylsur sem síðan
átti að flytja út úr bandalaginu.
Hann seldi nágrönnum sínum
kjötið og bjó til pylsur úr
hrossataði, sagi og þaðmull,
sem síðan átti að selja papp-
írsfyrirtæki erlendis.
Morgunblaðið.

Vextirnir það er ég

Enginn tími til að bíða eftir
lögmaðlum.
**Steingrímur Hermannsson um
vaxtavanda þjóðarinnar, í Tím-
anum.**

Denni er of röskur

Ég tel algjörlega ástæðu-
laust að kveða upp dauða-
dóm yfir ríkisstjórninni. Það er
ekki tímabært.

Jón Sigurðsson í Alþýðublað-
inu um ummæli Steingríms
Hermannssonar í sama blaði.

Dándaðmaður vikunnar:

SKAÐI SKRIFAR



Að storka framtíðinni og sliga nútímann

Ég, Skaði, hefi lengi látið mig dreyma um að ég sé hinn sanni
endurreisnarmaður, sem kann á öllu skil: dreg ýsur úr sjó á
morgnana, sker hrúta á kvöldin og ber hinn andlega lóminn á
miðjum degi. Mér er því margt hugleikið á himni sem jörðu,
meðal annars hið pólitíska málfar sem skapar heiminn í kring-
um okkur og breytir því sem breyta þarf úr því aðrir gera það
ekki.

Ég á þá ekki endilega við einhverja vitleysu úr Sjónvarpinu
sem er alltaf að tala um stuðning frambjóðandans eða eitthvað
þessháttar og meinar stuðning við hann. Heldur meina ég þau
eftirlætisörð, sem málgögn sækja í styrk sinn og prótt til ádrepu
og boðskapar á líðandi stund.


Ég hefi til dæmis tekið eftir því að hjá Tímanum er alltaf verið
að sliga eitthvað. Þegar kerfisbreytingarnar hans Jóns Bald-
vins gengu yfir, sagði Tíminn að þær væru gjörsamlega búnar
að sliga stjórnkerfið í landinu. Þegar Davíð Oddsson kom með
sína fjárhagsáætlun þá sagði blaðið að hann væri að sliga
efnahagslífið með þenslu sinni. SÍS er líka að sligast undan
vaxtapólitíkinni og meira að segja er ekki laust við að lesendur
Tímans séu stundum að sligast undan fyrirsögnum hans, eins
og þegar framsóknarmaður í marga ætliði hótaði að segja
blaðinu upp vegna þess að því var slegið upp á forsiðu að
íslenskt dilkakjöt hefði drepð Færeying.

Ég, Skaði, tel mig hafa komist að þeirri niðurstöðu, að með
þessari sjálfkvæmu, myndrænu, marksæknu og táknvísu notk-
un sagnarinnar að SLIGA byggji Tíminn í rauninni upp lævísan
skæruhernað gegn þeirri samsteyppustjórn, sem Steingrímur
Hermannsson þó situr í á annarri rasskinninni. Allt er sem sagt
að SLIGAST í samfélaginu, en VIÐ tökum eftir því og einhers-
staðar blaktir sú vonardula að næst þegar Denni sjálfur hittir
Gorbatsjov eða Reagan þá muni hin íslenska þjóðarbelja
hætta að sligast undan íhaldskratanautinu en spretta upp gal-
vösk eins og kálfur á vori og rása út um víðan völl.

En þar með er sagan ekki öll.
Ungir sjálfstæðismenn hafa þegar komið auga á vandann og
þeir ætla að láta krók koma á móti bragði. Þeir ætla að blása á
sligið í Tímanum og Steingrími með beinskeyttum ásökunum
sem birtast í dramatískri, rismikilli, markvissri og skeinuhættri
notkun hins háskalega orðs að STORKA.

Í samþykktum Sambands ungra sjálfstæðismanna sem birt-
ar voru alþjóð nú í vikunni segir að Steingrímur storki stjórnar-
samstarfinu með ábyrgðarlausu hjali um utanríkismál. Þar
segir til dæmis á þessa leið:

„Það er því verulegt áhyggjuefni þegar Steingrímur Her-
mannsson utanríkisráðherra tekur að STORKA sögulegum
staðreyndum með því að láta í ljós efasemdir um að friðar-
bandalag vestrænna ríkja hafi tryggt frið í Evrópu, STORKAR



stöðu Íslendinga gagnvart vinabjóðum með því að ganga gegn
samkomulagi þeirra um atkvæðagreiðslur á vettvangi Samein-
uðu þjóðanna og STORKAR framtíð þjóðar sinnar með því að
tala um möguleika á að gera Ísland að einskona-herstöðva-
markaði“.

Ég skil nú ekki vel hvað er að þessu síðastnefnda: að gera
Ísland að herstöðvamákaði – ég hélt að ungir sjálfstæðismenn
væru upp yfir það hafnir að svíkja markaðshyggjuna í einhverj-
um tækifærissinnuðum bleyðuskap. En hvað um það. Hér eru
hnífar hvattir og sorfið til stáls og er Steingrímur ekki aldeilis
búinn að súpa úr nálinni með þetta.

Enda segir í samþykkt ungra sjálfstæðismanna að
Steingrímur sé eiginlega meiri vöðamaður en mér hefur nokk-
urntíma dottið í hug og man ég þó Jónas frá Hriflu. Litum á
þetta:

„Óábyrgt tal utanríkisráðherra eins af NATO-ríkjunum kann
að ógna þeim árangri sem er að nást með samstarfi vestrænna
ríkja í viðkvæmum afvopnunarsamningum við Kommúnistarík-
in“.

Þetta er ekki nógu gott. Það er ljóst að Steingrímur
Hermannsson gerir ekki bara að storka okkur sjálfstæðis-
mönnum. Hann er líka að sliga friðinn. Ja, þeim ferst þessum
Tímabesefum, þeim ferst....

Af sjónvarpi

Sjónvarpið á heimilinu var
komið til ára sinna og dag
nokkurn vaxt það upp og dó
sinnur þessir þessir dauða. Þá
sneri þessi sér við í stólnum
og sagði:

Nei mikið ertu orðinn stór
strákur.

Þabbi minn á miklu stærra
sjónvarp en þabbi þinn.
Já en þabbi minn á miklu
svæsnari klámmyndir en
þabbi þinn.

Ég er alveg í standandi
vandræðum, læknir, maður-



Í öllum heiminum er engin
sem ég vildi heldur horfa á
sjónvarp með en þér, krúttíð
mitt.


inn minn talar svo mikið upp
úr svefni.

Gerir það svo mikið til?
Nei, kannski ekki, en það
trufar mig við að horfa á sjón-
varpið.

Veistu það, ég er búinn að
horfa tíu sinnum á Casa-
blanca í sjónvarpinu, en
leikararnir hafa aldrei verið
jafn góðir og núna.

Hvar værum við nú stödd
börnin góð, spurði kennarinn
bekkinn, ef Edison hefði ekki
fundit upp ljósaperuna á sín-
um tíma?

Þá yrðum við að horfa á
sjónvarpið við kertaljós, kenn-
ari.



Forsíðumyndin heitir Lífsþrá og er
eftirprentun af olíumálverki eftir
Sigurð Póri listmálara, sem opnar
sýningu á málverkum og teikning-
um í Vestursal Kjarvalsstaða á
laugardag kl. 14. Sýningin verður
opin alla daga kl. 14–22 og stendur
til 6. mars. Sjá viðtal við Sigurð Póri
á bls. 4.